



LJÚKUM VIÐ STOFNUN NÁTTÚRUVERNDAR- OG MINJASTOFNUNAR Á VANDAÐAN HÁTT ÁLYKTUN AÐALFUNDAR LANDVARÐAFÉLAGS ÍSLANDS

Í upphafi febrúar tilkynnti Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, áform um að sameina Vatnajökulsþjóðgarð, Þjóðgarðinn á Þingvöllum, náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar og Minjastofnun Íslands í eina stofnun, Náttúruverndar- og minjastofnun. Landvarðafélagið fagnar þessari sameiningu og telur hana vera mikla framför fyrir náttúru- og minjavernd á Íslandi og mun stofnunin auka skilvirkni í allri vinnu við náttúruvernd og í störfum landvarða. Landverðir eru framlínu starfsfólk friðlýstra svæða og eru hryggjarstykkið í starfsemi þeirra.

Landvarðafélagið leggur ríka áherslu á að vandað verði til verka við sameininguna en hún má ekki koma á neinn hátt niður á störfum eða kjörum landvarða. Landvarðafélagið vill að sú hagræðing sem verður til verði nýtt til að fjölga heilsársráðnum landvörðum. Með sameiningunni skapast jafnframt skilyrði til þess að tryggja grunnmönnum landvörslustöðva án sértekna sem er forsenda landvörslu í þágu náttúruverndar.

Stærstu áskoranir landvarðastéttarinnar eru takmarkað starfsöryggi og skortur á starfsþróun. Með stærri og öflugri stofnun skapast verðmæt tækifæri til þess að auka sérhæfingu landvarða og hreyfanleika landvarða á milli landvörslustöðva. Í nýrri stofnun myndast jafnframt tækifæri til eflingar landvarðanáms, aukinnar samræmingar og sérhæfingar þess. Í nýrri stofnun þarf að sjá til þess að haldið verði í stað- og sérþekkingu starfsfólks á hverjum stað og samstarf við heimafólk í grennd við friðlýst svæði.

Sameiningunni fylgja mörg tækifæri til eflingu landvörslu og friðlýstra svæða sé vel að henni staðið. Landvarðafélagið skorar á stjórnvöld að ljúka við sameiningu allra stofnana sem annast landvörslu á komandi þingi og móta nýtt frumvarp um Náttúruverndar- og minjastofnun í samráði við landverði, starfsfólk friðlýstra svæða og aðra hagaðila. Að lokum skorar Landvarðafélag Íslands á þingmenn að ljúka við afgreiðslu þingsályktunartillögu um eflingu landvörslu fyrir þinglok.

Ályktunin var samþykkt einróma á aðalfundi Landvarðafélags Íslands 28. mars 2023